

KNATTSPYRNUDEILD AFTURELDINGAR

Ársskýrsla 2017





INNGANGUR	3
STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2017.....	4
MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR.....	5
BARNA- OG UNGLINGARÁÐ	6
Landslið og verkefni á vegum KSÍ 2017	9
Weetosmótið.....	11
Knattspyrnskóli Aftureldingar og Liverpool.....	13
MEISTARAFLOKKUR KARLA.....	15
Meistaraflokkur kvenna.....	17
ÞJÁLFARAR KNATTSPYRNUDEILDAR 2016-2017.....	20
Samantekt á afkomu Knattspyrnudeildar Aftureldingar árið 2017	21

Rit þetta er ársskýrsla Knattspyrnudeildar Aftureldingar árið 2017

Leyfilegt er að nota efni úr skýrslunni sé heimilda getið.

Myndir: Ýmsir aðilar.

Nánari upplýsingar um Knattspyrnudeild Aftureldingar - www.afturelding.is

Í þessari skýrslu er að finna samantekt á afkomu fyrir öll ráð Knattspyrnudeildar. Hún er birt með fyrirvara um villur enda þótt leitast sé við að hafa upplýsingar réttar og í samræmi við útgefna ársreikninga. Séu skekkjur í samantektinni eru þær á ábyrgð Knattspyrnudeildar. Útgefna ársreikninga aðalstjórnar fyrir öll ráð Knattspyrnudeildar er að finna á vefsíðunni: afturelding.is/knattspyrna/upplýsingar-og-frodleiksmolar.html

INNGANGUR

Ný stjórn knattspyrnudeildar var kjörin á aðalfundi deildarinnar 31. október 2016.

Eitt af mikilvægari verkefnum stjórnarinnar var að endurmannna meistaraflokksráð kvenna og um leið að tryggja að Afturelding myndi halda úti liði í meistaraflokki kvenna á árinu en það stóð ansi tæpt á tímabili. Samstarf við Knattspyrnufélagið Fram var lyklatriði í því ferli og var sameinað lið skráð til leiks undir nafninu Afturelding/Fram. Liðið náði frábærum árangri um sumarið og sigraði 2. deild Íslandsmótsins með talsverðum yfirburðum.

Sömuleiðis var myndað nýtt meistaraflokksráð karla. Eins og kvennamegin þurfti að sýna mikið aðhald í fjármálum hjá meistaraflokki karla, en bæði ráðin erfðu talsverðar skuldir. Meistaraflokki karla tókst ekki að ná markmiði sínu, að komast upp um deild á Íslandsmótinu, en það tókst að koma rekstrinum í gott horf og það er grunnurinn að því að hægt sé að ná lengra með liðið.

Barna- og unglingaráð var mun í fastari skorðum þegar stjórnin tók við, bæði hvað varðar það fólk sem myndar ráðið og reksturinn. Mikið og gott starf fer fram á vegum BUR ár hvert og verkefnin eru mýmörg eins og lesa má í yfirliti ráðsins.

Fyrir utan að vera ráðunum þremur til aðstoðar og aðhalds, hefur stjórn knattspyrnudeildar það hlutverk að vinna með aðalstjórn félagsins í öllum þeim málum sem varða deildina og iðkendur hennar. Aðstöðumál, framtíðarskipulag og styrkir eru þar efst á baugi.

Stjórn knattspyrnudeildar fagnar því að Mosfellsbær hafi tekið ákvörðun um að byggja knattspyrnuhús og bindur miklar vonir við að það sé fyrsta skrefið í því að stórbæta æfinga- og félagsaðstöðu langfjölmennustu deildar félagsins. Framtíðarsýn stjórnar knattspyrnudeildar má nálgast á www.afturelding.is.

Knattspyrnudeild Aftureldingar vill sinna þeim sem stefna hátt og langt í sinni íþrótt og er stolt af þeim fjölmörgu uppöldu leikmönnum sem tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Jafn mikilvægt er uppeldislega- og samfélagslega hlutverk deildarinnar, að vera vettvangur fyrir börn og unglinga sem vilja stunda þessa gefandi íþrótt í öruggu og uppbyggjandi umhverfi.

Stjórnin þakkar öllum þeim fjölmörgu starfsmönnum, þjálfurum, iðkendum og sjálfbóðaliðum fyrir þeirra ómetanlega framlag á árinu.

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar,
Guðjón Svansson

STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2017

Sverrir Hermann Pálmarsson	Formaður
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	Formaður Barna- og unglingaráðs
Ásbjörn Jónsson	Formaður Meistaraflokks karla
Sigurbjartur Sigurjónsson	Formaður Meistaraflokks kvenna
Halldór Halldórsson	Gjaldkeri Barna- og unglingaráðs
Halldór Sigurjónsson	Meðstjórnandi
Árni Magnússon	Meðstjórnandi
Guðjón Svansson	Meðstjórnandi

Barna- og unglingaráð

Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	formaður
Halldór Halldórsson	gjaldkeri
Anna Hilda Guðbjörnsdóttir	
Ása Dagný Gunnarsdóttir	
Gunnar ingi Gunnarsson	
Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir	

Meistaraflokksráð karla

Ásbjörn Jónsson	formaður
Steingrímur Benediktsson	gjaldkeri
Birgir Freyr Ragnarsson	
Elvar Magnússon	
Nikulást Árni Sigfússon	
Þorvaldur Árnason	

Meistaraflokksráð kvenna

Sigurbjartur Sigurjónsson	formaður
Arnar Ingi Valsson	varaformaður
Ísak Már Friðriksson	gjaldkeri
Kristinn Steinn Traustason	
Silja Runólfsson	

MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR

Knattspyrnuleg markmið

-  Að bjóða uppá faglegt og heilbrigt starf sem er deildinni, þjálfurum, iðkendum og foreldrum til sóma.
-  Að gera iðkendur sína að betri knattspyrnumönnum.
-  Að gera iðkendur sína að betri félagsmönnum.
-  Að leitast við að ráða til starfa þjálfara með viðeigandi þjálfarastig KSÍ og senda aðstoðarþjálfara á slík námskeið.
-  Að taka þátt í Íslandsmóti, Bikarkeppni og Faxaflóamóti í þeim flokkum sem hafa þátttökurétt.

Íþróttaleg markmið

Í íþróttum læra börn að fylgja reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur og sjálfsaga. Mikilvægt er að hver og einn fái með íþróttaiðkun sinni tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig á jákvæðan hátt og öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að læra einbeitingu, þolinmæði, umburðarlyndi, tillitssemi, sýna traust og kærleik og vera einn af hópnum.

Íþróttir hafa uppeldislegt, menningarlegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um æfingar eða keppni er að ræða, skal miða að því að allir hafi jafngild tækifæri og séu metnir að verðleikum óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhætti eða kyni.

Félagsleg markmið

Að bjóða bæjarbúum uppá jákvætt og hvetjandi íþróttarumhverfi, þar sem iðkendur, foreldrar og forráðamenn geti fengið upplýsingar um starfsemi deildarinnar á sem bestan hátt. Að stuðla að aukningu innan deildarinnar og kynningu hennar meðal bæjarbúa.

Markmið deildarinnar er að halda iðkanda sem lengst og að iðkandi sé ánægður og stoltur innan vallar sem utan. Að skilgreina starf og markmið deildarinnar og starfsmanna hennar í handbók svo verksvið og verkefni hvers og eins séu skýr. Að rækta starf sitt í góðu samstarfi við aðalstjórn, bæjaryfirvöld, skóla, félagsmiðstöð, kirkju, foreldra og aðra aðila sem koma nálægt tófstunda- og íþróttaiðkun í Mosfellsbæ



Fjármálaleg markmið

Byggja starf sitt ávallt á fjárhagslega traustum grunni svo knattspyrnustarfið sé tryggt til framtíðar. Að félagið standi fjárhagslega undir starfsemi sinni á hverju rekstrarári. Að fjármálastjórnun félagsins sé ætíð í samræmi við lög og reglur ÍSí. Að félagið reyni eftir fremsta megni að aðstoða iðkendur við skipulagningu fjáraflana til að og fjármagna þátttökuna í starfinu.



BARNA- OG UNGLINGARÁÐ

Stjórn Barna og unglingaráðs (Bur) hefur umsjón með starfsemi yngri flokka félagsins allt frá 2. flokki til 8. flokks karla og kvenna og er sjálfstæð eining innan Knattspyrnudeildar og með sjálfstæðan fjárhag.

Knattspyrnudeild

Fjárhagur BUR hefur náð að haldast réttu megin við núllið með því að halda vel utan um útgjöldin. Það skiptir miklu máli að halda áætlun og hefur deildin verið það heppin undanfarin ár að það er menn í stjórn sem eru mjög góðir rekstrarmenn. Það sem lagt var upp með árið 2013 hefur náð árangri, nánar um fjármál í efnahags- og reksrareikningi BUR.

Síðustu ár hefur verið góður vöxtur í barna- og unglingaflokkum hjá knattspyrnudeildinni. Vonir okkar fyrir 2017 voru að iðkendur færdust fyrir 450 og það varð eftir í lok tímabils voru iðkendur 464 talsins og hafa iðkendur aldrei verið fleiri. Hjá deildinni eru 35 þjálfarastöður og erum við gríðalega stolt af flottu þjálfurunum okkar sem eiga stórt hrós skilið fyrir frábært starf. Í október 2017 var skipt út gervigrasinu og var það mikil áfangi fyrir knattspyrnudeildina. Næsta skref í aðstöðu er að ráðist verður í byggingu á rúmlega hálfu húsi, æfingarhúsnæði, á vormánuðum 2018. Aukning hefur verið í kvennaflokkum á síðustu árum og bundar eru vonir um að það aukist enn frekar með tilkomu æfingarhúsins og það sama er að segja um karlaflokkana.

Yngri flokkar félagsins stóðu sig vel innan vallar sem utan á síðasta ári. Flokkarnir tóku þátt í Faxaflóamóti, Íslandsmóti og fjölmörgum hraðmótum síðast en ekki síst sumarmót sem flestir iðkendur bíða spenntir eftir á hverju ári. Allir flokkar voru vel mannaðir af foreldrum enda væri erfitt að sækja þessi mót án góðrar samvinnu. Vilja þjálfarar og stjórn BUR þakka öllum foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf.

Eldri flokkar stóðu sig allir með ágætum og var tekið þátt í Íslandsmóti í öllum flokkum. Samstarf í kvennaflokkum hefur verið við Fram í 4.- 3. flokki kvk þar sem félögin spiluðu undir merkjum beggja félaga. Karlamegin urðu 3.flokkur karla c lið, Íslandsmeistara.




Starf BUR á árinu hefur verið blómlegt og skemmtilegt, fjölgun iðkenda í karla og kvenna flokkum hefur verið jöfn og lítum við björtum augum á komandi ár. Afturelding hefur átt leikmenn sem hafa verið boðaðir í landsliðsverkefni og tekið þátt í landsleikjum á árinu og óskum við þeim iðkendum innilega til hamingju með árangurinn.

2017 bættist einn í viðbót í hóp þeirra iðkenda sem skrifað hafa undir atvinnusamning. Jökull Andrésson skrifaði undir samningi hjá Reading í ágúst en þar fyrir er eldri bróðir hans Axel Óskar. Sá þriðji er Ísak Snær Þorvaldsson hjá Norwich. Það eru okkar vonir að fleiri bætist við þennan hóp á næstu árum.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs

Bjarki Már Sverrisson, yfirþjálfari

Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, formaður



Landsliðsverkefni

Fjöldi iðkenda Knattspyrnudeildar Aftureldingar sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum KSÍ vex með hverju árinu en samtals voru 21 iðkendur boðaðir í slík verkefni árið 2017. KSÍ hefur verið að efla verkefni hjá sér, þar eru hæfileikamótin og markmannsskóli KSÍ fyrir iðkendur í 4 flokki.



Landslið og verkefni á vegum KSÍ 2017

U18 landslið karla

Bjarki Steinn Bjarkason
Viktor Marel Einarsson

U17 landslið karla

Logi Már Magnússon

U16 landslið karla

Arnór Gauti Jónsson
Eypór Aron Wöhler
Róbert Orri Þorkelsson

U17 landslið kvenna

Eva Rut Áspórssdóttir
Inga Laufey Ágústsdóttir

U16 landslið kvenna

Cecilía Rán Rúnarsdóttir
Hafrún Rakel Halldórsdóttir

Hæfileikamót KSÍ

Karla

Breki Freyr Gíslason
Jóel Magnússon
Pálmi Trausti Guðjónsson
Sævar Hugason
Tómas Helgi Snorrason

Kvenna

Anna Níelsdóttir
Elfa Sif Hlynisdóttir
Sara Dögg Áspórssdóttir

Marksmannsskóli KSÍ

Karla

Arnar Daði Jóhannesson

Viktor Torfi Strange

Kvenna

Cecilía Rán Rúnarsdóttir



Weetosmótið

Weetosmót Aftureldingar var haldið í annað sinn á félagssvæðinu á Tungubökkum í lok ágúst sem hluti af bæjarhátíð Mosfellsbæjar. Mótið er fyrir stráka og stelpur í 6. og 7.flokki og þetta árið mættu um 1.300 krakkar, í 182 liðum. Spilaðir voru 368 leikir í 36 riðlum, 1346 mörk voru skoruð í þessum 6.700 mínútum sem voru spilaðar þessar helgi.



Mótið var afar vel heppnað og en leikið var á 12 völlum og áætlað er að þátttakendur og gestir á Tungubökkum hafi verið um 5.000 báða mótisdagana. Dagskrá og tímasetningar stóðust nær alveg en eins og ávallt er stefnt á að gera enn betur að ári.

Á laugardegi spiluðu 6. flokkar kk. og kvk. á 12 völlum stanslaust allan daginn og á sunnudeginum mættu 7. flokkar kk og kvk til leiks og var sama fyrirkomulag eins og á laugardeginu, 12 vellir og mikil stemmning. Veðrið var ekki alveg jafn gott og 2016 en keppendur létu það ekki skemma fyrir sér og skemmtu sér konunglega og fóru glaðir heim.



Aðstaðan á Tungubökkum hentar mjög vel fyrir mót af þessari stærðargráðu og rúmar vel þann fjölda iðkenda og aðstandenda sem því fylgir. Unnið var samkvæmt bættu skipulagi með bílastæði og aðkomu og vel gekk að hafa stjórn á umferð til og frá svæðinu. Einnig voru sett upp aukasalerni sem nýttust vel.

Barna- og unglingaráð vill þakka öllum sem tóku þátt í mótinu; þjálfurum, liðsstjórum, þátttakendum og gestum kærlega fyrir samveruna. Aðalstyrktaraðila mótsins Weetos er þakkað kærlega fyrir stuðninginn sem og öllum sem hjálpuðu til við að gera mótið jafn vel heppnað og raun bar vitni. Sérstakar þakkir fá foreldrar og sjálfboðaliðar sem og starfsmenn Áhaldahúss Mosfellsbæjar.



Knattspyrnuskóli Aftureldingar og Liverpool

Liverpoolskólinn var haldinn líkt og síðustu sumur á vegum Knattspyrnudeildar. Líkt og áður var skólinn haldinn í samstarfi við Þór á Akureyri og haldin voru tvö námskeið í júníbyrjun, það fyrra var haldið á Þórssvæðinu á Akureyri og það síðara á Tungubökkum. Í ár var uppselt og færri komust að en vildu.



Liverpoolskólinn er samstarfsverkefni Knattspyrnudeildar og Liverpool International Football Academy. Þetta árið voru 315 krakkar sem tóku þátt í Liverpoolskólanum og þar er aðalmarkmiðið að æfingar séu skemmtilegar eða „The Liverpool Way“. Gleðin og ánægjan hjá krökkunum er mikil hvatning til að halda áfram þessu góða samstarfi við Liverpool.



Umboðsaðili Warrior á Íslandi, ReAct, styrkti skólann og fengu öll börnin Liverpool minjagrip að honum loknum. Framlag styrktaraðila og velunnara skólans skiptir sköpum svo hægt sé að halda skólann með þeim hætti sem gert er og verður ekki fullpakkað. Jafnframt er framlag sjálfboðaliða úr hópi foreldra og þjálfara ómetanlegt. Líkt og fyrri ár rennur allur ágóði af skólanum óskiptur til barna- og unglingastarfs Knattspyrnudeildar Aftureldingar.



Knattspyrnuskóli Aftureldingar var með 5.námskeið fyrir krakka á aldrinum 6-14 ára, einnig var sett upp Akademía fyrir iðkendur í 5.-4. flokki karla og kvenna sem reyndist mjög vel og stefnt er að því að setja slík námskeið upp aftur. Alls voru 210 krakkar sem sóttu skólann síðasta sumar.



MEISTARAFLOKKUR KARLA

Meistaraflokksráð

Haustið 2016 var skipt um stjórn í Knattspyrnudeild Aftureldingar á aðalfundi. Þá bauð Ásbjörn Jónsson sig fram til formennsku í meistaraflokksráði karla og hlaut kosningu. Í framhaldinu var myndað meistaraflokksráð sem skipað var:

Ásbjörn Jónsson – Formaður
Steingrímur Benediktsson – Gjaldkeri
Birgir Freyr Ragnarsson – Meðstjórnandi
Elvar Magnússon – Meðstjórnandi
Nikulás Árni Sigfússon – Meðstjórnandi
Þorvaldur Árnason – Meðstjórnandi

Meistaraflokksráðið fundaði nokkuð reglulega á tímabilinu en helstu verkefni ráðsins voru:

- Styrkjaöflun – fjáröflun fyrir liðið
- Skipulagning atburða; stuðningsmannakvöld, Pallaball og lokahóf
- Skipulagning keppnisferða tengdar útileikjum
- Skipulagning og mönnun á heimaleikjum

Fjármál

Meistaraflokksráðið tók við erfiðu búi þar sem búið var að stofna til ansi hárra skulda bæði við ytri aðila og aðalstjórn félagsins. Á árinu tókst að greiða niður allar ytri skuldir en einnig tókst að greiða inn á skuld við aðalstjórn. Nægilega miklu fé tókst einnig að safna til að standa undir rekstri meistaraflokksins án þess að stofna til nýrra skulda. Þetta var hins vegar gert á kostnað liðsins enda nánast engu fé varði í leikmannamál, engin markmannsbjálfun, enginn sjúkraþjálfari kom að liðinu og einungis var farið með 15 leikmenn í útileiki þangað sem þurfti að fljúga til að spara kostnað. Ekkert var gert fyrir leikmenn eða þjálfara sem útheimti fjárútlát. Vikið verður að árangri liðsins síðar en fjárhagsstaða ráðsins stendur betur en fyrir ári þó að enn sé útistandandi skuld við aðalstjórn upp á tæpar 4 milljónir króna.

Verkefnin

Meistaraflokkur karla tók þátt í fjórum mótum á árinu.

Í janúar var spilað í Fotbolti.net mótinu. Þar sigraði liðið sinn riðil og lék til úrslita í B-deild mótsins og hafnaði í öðru sæti.

Spilað var í B-deild Lengjubikarsins í mars og apríl. Mjög erfiðlega gekk hjá liðinu á þessum tímapunkti og voru úrslit mótsins talsverð vonbrigði fyrir liðið en afraksturinn voru tveir sigrar og þrjú töp. Í bikarkeppni KSÍ lenti liðið á móti 1. deildarliði Gróttu í fyrstu umferð og tapaði á heimavelli 1-0 og féll þar með úr keppni.

Íslandsmótið hóf göngu sína í maí og byrjaði liðið hræðilega illa og fékk stóran skell 5-1 gegn Völsungi á Húsavík í fyrstu umferð. Á eftir fylgdu hins vegar þrír góðir sigrar og var liðið þá búið að koma sér í toppbaráttuna. Þrjú töp á útivelli í röð fylgdu svo í kjölfarið og eftir það var ljóst að það yrði alltaf á brattann að sækja fyrir liðið að koma sér í toppbaráttuna aftur. Það sem eftir lifði sumars skiptust á skin- og skúrakaflar hjá liðinu en að lokum hafnaði liðið í fjórða sæti 2. deildar með 34 stig.

Árangurinn, 10 sigrar, 4 jafntefli og 8 töp telst vart ásættanlegur hjá liðinu en þegar litið er til umgjörðarinnar og þeirra fjármuna sem liðið hafði úr að spila var erfitt að ætlast til mikils meira en niðurstaðan varð.



Þjáfarar

Úlfur Arnar Jökulsson var aðalþjálfari liðsins og Einar Jóhannes Finnbogason var honum til aðstoðar. Þetta var þeirra þriðja tímabil með liðið og rann samningur þeirra út að tímabilinu loknu. Það var sameiginleg ákvörðun þjálfara og stjórnar að kominn væri tími til að breyta til og fá nýjan þjálfara til að taka við liðinu.

Arnar Hallsson var ráðinn til starfa í september og skifaði hann undir tveggja ára samning við liðið. Honum til aðstoðar er Magnús Már Einarsson, fyrrum leikmaður liðsins.

Fyrir hönd Meistaraflokksráðs karla
Ásbjörn Jónsson, formaður

Meistaraflokkur kvenna

Haustið 2016 hætti fyrri stjórn störfum og var deildin stjórnarlaus fram að vormánuðum 2017.

Sigurbjartur Sigurjónsson tók þá við stöðu formanns meistaraflokksráðs kvenna og í framhaldi af því var mynduð stjórn sem skipuð er af eftirfarandi:

Sigurbjartur Sigurjónsson - Formaður
Arnar Ingi Valsson - Varaformaður
Ísak Már Friðriksson - Gjaldkeri
Kristinn Steinn Traustason - meðstjórnandi
Silja Runólfsdóttir – meðstjórnandi

Störf meistaraflokksráðs á tímabilinu voru mörg en þau helstu voru:

- Styrkjaöflun - fjáröflun fyrir liðið
- Skipulagning viðburða - Konukvöld og lokahóf
- Skipulagning keppnisferða innanlands vegna Íslandsmóts
- Skipulagning á heimaleikjum
- Skipulagning á umgjörð í kringum leikmenn liðsins
- Utanumhald þjálfara og annara starfsmanna.

Samstarf

Lok árs 2016 fóru fram viðræður um samstarf milli knattspyrnudeilda kvenna hjá Afturelding og Fram. Samið var í janúar 2017 milli félagana um að senda sameiginlegan meistaraflokk til leiks til næstu þriggja ára. Sverrir Hermann Pálsson formaður knattspyrnudeildar sá um samninginn fyrir hönd Aftureldingar og gekk sú vinna vel fyrir bæði félög.

Samstarfið gekk vel, árangur liðsins var mjög góður.

Fjármál

Meistaraflokkur kvenna hafði verið stjórnarlaus í um fimm mánuði og þegar nýtt ráð tók við keflinu, þá hafði myndast launaskuld við aðalstjórn félagsins. Þá voru gamlir reikningar í kerfinu allt frá árinu 2014 og skuld við meistaraflokk karla sem fyrri stjórn hafði myndað til.

Á árinu tókst að greiða niður allar ytri skuldir, greitt var inná skuld við aðalstjórn og meistaraflokk karla. Ráðið skilaði 1.6 milljón króna í afgang þrátt fyrir afskrift á styrk við Loftorku uppá 1.2 milljónir.

Útistandandi skuld við aðalstjórn er 1.5 milljón króna, sem útlit er fyrir að greiðist upp árið 2018 og ráðið verði því skuldlaust.

Þá er skipting á fjárútláti ráðsins 50/50 með knattspyrnufélaginu Fram.

Verkefnin

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í þremur mótum árið 2017.

Í mars var spilað í C-deild Lengjubikarsins, vel gekk hjá liðinu í þessu móti og unnust góðir sigrar gegn liðum sem spiluðu svo í deild fyrir ofan sumarið á eftir. Liðið komst í undandúrslit C-deildar Lengjubikarsins en hlaut í lægra haldi í vítaspyrnu keppni.

Í bikarkeppni KSÍ drógst liðið á móti Augnablik í fyrstu umferð, jafnræði var með liðinu en svo fór að eftir 1-1 að venjulegum leiktíma loknum, skoraði Augnablik eitt mark í framlengingu sem dugði þeim til að komast áfram en Afturelding féll þar með úr keppni.

Íslandsmótið hófst svo loks um miðjan maí, liðið sýndi mikla yfirburði í deildinni. Vann hvern leikinn á fætur öðrum og sýndi góða spilamennsku með ungt og efnilegt lið.



Sigur vannst í fyrsta leik mótsins gegn Völsung á heimavelli 3-1 og þar með var lagður tóninn fyrir sumarið. Liðið sigraði fyrstu sex leiki sína þar til kom að tapi fyrir austan gegn Fjarðabyggð/Hetti/Leikni. Liðið komst hinsvegar aftur á skrið og tapaði ekki leik aftur það sem eftir leið að móti. Liðið gjörsigraði 2.deild með 11.stiga mun með 13 sigra, 2 jafntefli og 1 tap. Þá skoraði liði 44 mörk í 16 leikjum og fékk einungis á sig 8 mörk. Þetta verður að teljast frábær árangur hjá liði sem nýlega hafði sameinast með knattspyrnudeild Fram og tefldi liðið fram ungu liði.

Þjálfarar

Júlíus Júlíusson var aðalþjálfari liðsins, hann hafði haldið leikmanna hópnum saman einn og sér þann tíma sem liðið hafði enga stjórn, má segja að hann hafi verið límið sem hélt félaginu gangandi á þessum tímum. Júlíus náði frábærum árangri á tímabilinu og er von félagsins að samstarfið verði eins farsælt á komandi árum.

Ágúst Haraldsson var ráðinn inn sem aðstoðarþjálfari seint á árinu 2017, hann og Júlíus aðalþjálfari hafa áður starfað saman í yngri flokkum aftureldingar og hjá landsliðsverkefnum KSÍ.

Þórdís Ólafsdóttir var sjúkráþjálfari liðsins og skilaði góðri vinnu með leikmannahóp félagsins.

Valdís Sýlvía Sigurþórsdóttir var styrkarþjálfari liðsins og fóru styrkataræfingar fram í sporthúsinu Kópavogi.

Þá var Þorsteinn Magnússon ráðinn sem markmannsþjálfari meistaraflokks kvenna. Sá hann um þjálfun á Cecilíu Rán Rúnarsdóttur sem er einn efnilegasta markvörður landsins.

Fyrir hönd Meistaraflokksráðs karla
Sigurbjartur Sigurjónsson, formaður

ÞJÁLFARAR KNATTSPYRNUDEILDAR 2016-2017

8. flokkur karla Ísak Már Friðriksson Gunnar Ingi Garðarsson Ísak Ólason	8. flokkur kvenna: Arnar Freyr Gestsson Frans Vikar Wöhler
7. flokkur karla: Sindri Snær Ólafsson Arnór Breki Áspórssón Andri Freyr Jónasson	7. flokkur kvenna: Arnar Freyr Gestsson Frans Vikar Wöhler
6. flokkur karla: Ásbjörn Jónsson Örlygur Þór Helgason Gunnar Ingi Garðarsson Bjarki Steinn Bjarkason	6. flokkur kvenna: Kolbrún Edda Sigurhansdóttir Daníel Darri Gunnarsson
5. flokkur karla: Ágúst Haraldsson Vilberg Sverrisson Arnar Freyr Gestsson Frans Vikar Wöhler	5. flokkur kvenna: Sigurður Arnar Hermannsson Ísak Ólason
4. flokkur karla: Bjarki Már Sverrisson Sigurbjartur Sigurjónsson Ísak Már Friðriksson	4. flokkur kvenna: Samstarf við Fram Sigurbjartur Sigurjónsson Jenný Júlíusdóttir
3. flokkur karla: Ágúst Haraldsson Júlíus Ármann Júlíusson	3. flokkur kvenna: Samstarf við Fram Leó Sankovic
2. flokkur karla: Enes Covic Ómar Valdimarsson	Yfirþjálfari barna- og unglingastarfs Bjarki Már Sverrisson
Meistaraflokkur karla Úlfur Arnar Jökulsson Einar Jóhannes Finnbogason	Meistaraflokkur kvenna Júlíus Ármann Júlíusson





Samantekt á afkomu Knattspyrnudeildar Aftureldingar árið 2017

Barna og unglingaráð	2017	
	Áætlun	Rauntölur
Æfingargjöld	33.110.000	37.221.237
Styrkir ÍSÍ / KSÍ / Getraunir	1.580.000	1.721.467
Rekstrarstyrkir	5.740.000	5.993.681
Fjáraflanir, styrkir og aðrar tekjur	9.950.000	14.322.881
Tekjur samtals	50.380.000	59.259.266
Laun og launatengd gjöld	44.780.000	48.740.049
Búningar og íþróttahöld	1.800.000	1.822.761
Annar kostnaður	3.704.000	2.847.443
Rekstragjöld	50.284.000	53.771.417
Afkoma tímabils án fjármagnsliða og afskrifta	96.000	5.487.849
Afskrifaðar eldri kröfur	0	-785.925
Fjármuntekjur og fjármagnsgjöld	0	222.861
Hagnaður (tab) tímabilsins	96.000	4.924.785
Staða á bankareikning í lok 2017		10.701.574
Skammtímakröfur		9.133.913
Varanlegir rekstrarfjármunir		1.461.581
Staða við Aðalstjórn og aðrar deildir		-1.235.745
Viðskiptaskuldir		-158.880
Eignir umfram skuldir		19.902.443



Meistaraflokkur karla	2017	
	Áætlun	Rauntölur
Rekstrarstyrkir	4.250.000	3.185.513
Styrkir frá fyrirtækum og einstakl.	5.858.333	9.316.621
Fjáraflanir, styrkir og aðrar tekjur	5.609.999	6.304.247
Tekjur samtals	15.718.332	18.806.381
Laun og launatengd gjöld	7.272.000	7.970.715
Búningar og íþróttaáhöld	810.000	1.094.098
Ferðakostnaður	3.620.000	3.806.137
Annar kostnaður	2.975.700	4.361.638
Rekstrargjöld	14.677.700	17.232.588
Afkoma tímabils án fjármagnsliða og afskrifta	1.040.632	1.573.793
Afskrifaðar eldri kröfur	0	-2.600.000
Fjármuntekjur og fjármagnsgjöld	0	22.347
Hagnaður (tab) tímabilsins	1.040.632	-1.003.860
Staða á bankareikning í lok 2017		814.900
Skammtímakröfur		431.327
Varanlegir rekstrarfjármunir		0
Staða við Aðalstjórn og aðrar deildir		-2.438.760
Viðskiptaskuldir		-318.603
Skuldir umfram eignir		-1.511.136



Meistaraflokkur kvenna	2017	
	Áætlun	Rauntölur
Rekstrarstyrkir	0	3.185.513
Styrkir frá fyrirtækum og einstakl.	10.200.000	2.841.439
Fjárfælanir, styrkir og aðrar tekjur	0	5.273.920
Tekjur samtals	10.200.000	11.300.872
Laun og launatengd gjöld	5.280.000	6.551.081
Búningar og íþróttahöld	150.000	405.773
Ferðakostnaður	1.210.000	1.296.801
Annar kostnaður	3.570.000	1.442.047
Rekstrargjöld	10.210.000	9.695.702
Afkoma tímabils án fjármagnsliða og afskrifta	-10.000	1.605.170
Afskrifaðar eldri kröfur	0	0
Fjármuntekjur og fjármagnsgjöld	0	1.158
Hagnaður (tab) tímabilsins	-10.000	1.606.328
Staða á bankareikning í lok 2017		197.970
Skammtímakröfur		0
Varanlegir rekstrarfjármunir		0
Staða við Aðalstjórn og aðrar deildir		-2.016.293
Viðskiptaskuldir		-1.101.333
Skuldir umfram eignir		-2.919.656

